

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Loxicom 0,5 mg/ml mixtúra, dreifa, fyrir hunda.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Meloxicam 0,5 mg.

Hjálparefni:

Natríumbensóat 1,5 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Mixtúra, dreifa.

Fölgul mixtúra, dreifa.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategundir

Hundar.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Til að draga úr bólgu og verkjum bæði vegna bráðra og langvinnra sjúkdóma í stoðkerfi hjá hundum.

4.3 Frábendingar

Dýrallyfið má ekki gefa fengnum eða mjólkandi dýrum.

Gefið ekki hundum með meltingarfærasjúkdóma eins og ertingu og blæðingu, skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi og blæðingarsjúkdóma.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

Gefið ekki hvolpum sem eru yngri en 6 vikna.

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Engin.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðferð og leita ráða hjá dýralækni.

Forðist notkun lyfsins hjá dýrum með vessaþurrð, blóðþurrð eða blóðþrýstingslækkun vegna hugsanlegrar hættu á eiturveknum á nýru.

Þetta dýrallyf handa hundum má ekki nota handa köttum vegna mismunandi skömmtunarbúnaða. Fyrir ketti skal nota Loxicom 0,5 mg/ml mixtúru, dreifu handa köttum.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Peir sem hafa ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýrallyfið. Ef dýrallyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Lyfið getur valdið ertingu í augum. Ef lyfið berst í augu skal tafarlaust skola þau vel með vatni

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Í einstaka tilvikum hefur verið tilkynnt um aukaverkanir sem eru vel þekktar af völdum bólgueyðandi verkjalyfja (NSAID) eins og lystarleysi, uppköst, niðurgang, blóð í saur, slen og nýrnabilun.

Örsjaldan hefur verið greint frá blóðugum niðurgangi, blóðugum uppköstum, sáramyndun í meltingarvegi og hækkuðum gildum lifrarensíma.

Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram í fyrstu viku meðferðar, eru skammvinnar í flestum tilvikum og hverfa þegar meðferð lýkur, en þær eru í örsjaldgæfum tilfellum alvarlegar eða banvænar.

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðferð og leita ráða dýralæknis.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik)

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýrallyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf (sjá kafla 4.3).

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Önnur bólgueyðandi verkjalyf (NSAID), þvagræsilyf, segavarnarlyf, sýklalyf af flokki amínóglýkósíða og efni með mikla próteinbindingu geta keppt um bindingu og þannig valdið eiturverkunum. Ekki skal gefa Loxicom samhliða öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða sykur- og barksterum.

Meðferð með öðrum bólgueyðandi lyfjum, áður en til meðferðar með þessu lyfi kemur, getur leitt til viðbótar eða aukinna aukaverkana og því ætti ekki að gefa slík dýrallyf í a.m.k. 24 klst. áður en meðferð hefst. Meðferðarlausu tímabilið verður þó að taka mið af lyfjafræðilegum eiginleikum þeirra lyfja sem voru notuð áður.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Til inntöku.

Upphafsméðferð er stakur skammtur með 0,2 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 4 ml/10 kg líkamsþyngdar) á fyrsta degi meðhöndlunar. Halda á meðhöndlun áfram, einu sinni á sólarhring, með inntöku (á 24 klst. fresti) og er viðhaldsskammturinn 0,1 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 2 ml/10 kg líkamsþyngdar).

Til meðhöndlunar í lengri tíma, eftir að klínísk svörun hefur fengist (eftir ≥ 4 daga), má aðlaga skammtinn í lægsta virka skammt fyrir hvert dýr, í samræmi við að verkir og bólga sem tengjast langvinnum stoðkerfissjúkdómum geta breyst með tímanum.

Sérstaklega skal gæta að nákvæmni við skammtgjöf.

Dreifuna má gefa inn með annarri af mælisprautunum tveimur sem fylgja í pakkningunni.

Mælisprauturnar passa á flöskuna og eru með kg-líkamsþyngdarkvarða sem samsvarar viðhaldsskammti (þ.e. 0,1 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar). Fyrsta daginn þarf því að gefa tvöfalt rúmmál viðhaldsskammts. Að öðrum kosti má hefja meðferð með Loxicom 5 mg/ml stungulyfi, lausn.

Klínísk svörun kemur yfirleitt í ljós innan 3-4 daga. Hætta skal meðhöndlun í síðasta lagi eftir 10 daga ef enginn bati er sjáanlegur.

Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf:

Gefa skal dýrallyfið inn annaðhvort í fóðri eða beint í munn.

Hristið vel fyrir notkun.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

4.10 Ofskömmtun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Við ofskömmtun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólguþandi lyf og verkjalyf nema barksterar (oxíkamlyf).

ATCvet flokkur: QM01AC06.

5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólguþandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxíkama, sem verkar með því hindra nýmyndun prostaglandína og hefur þar með bólguþandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og hitalækkandi verkun. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. Í *in vitro* og *in vivo* rannsóknum var sýnt fram á að hömlun meloxicams á cyclooxygenasa-2 (COX-2) er meiri en á cyclooxygenasa-1 (COX-1).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Eftir inntöku frásogast meloxicam að fullu og hámarksþéttni í plasma næst eftir um það bil 4,5 klst. Þegar gefnir eru ráðlagðir skammtar af lyfinu næst jafnvægi í plasmáþéttni meloxicams á öðrum degi meðhöndlunar.

Dreifing

Á ráðlögðu skammtabili eru línuleg tengsl milli gefins skammts og plasmáþéttni. Um það bil 97% af meloxicami eru bundin plasmapróteinum. Dreifingarrúmmál er 0,3 l/kg.

Umbrot

Meloxicam finnst að langmestu leyti í plasma og skilst einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Meloxicam umbrotnar í alkóhól,

sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni. Sýnt hefur verið fram á að öll helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk.

Brotthvarf

Helmingunartími brotthvarfs meloxicams er 24 klst. Brotthvarf um það bil 75% af gefnum skammti verður í saur og afgangurinn í þvagi.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Natríumbensóat.

Glýseról.

Póvídón K30.

Xantangúmmí.

Tvínatríumfosfátvíhýdrat.

Natríumtvívetnisfosfátvíhýdrat.

Vatnsfrí sítrónusýra.

Símetikónfleyti.

Hreinsað vatn.

6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, vegna þess að rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 18 mánuðir.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Dýralyfið fæst í 15 ml og 30 ml flöskum úr pólýetýlenteraþalati með skrúfuðu barnaöryggisloki úr pólýetýleni (HDPE/LDPE). Tvær mælisprautur úr pólýetýleni/pólýprópýleni, 1 ml og 5 ml sprauta, fylgja með hverri flösku til að tryggja nákvæma skömmtun hjá litlum og stórum hundum. Hvor sprauta er búin kg-líkamsþyngdarkvarða, 1 ml sprautan er kvörðuð frá 0,25 kg upp í 5,0 kg og 5 ml sprautan frá 1 kg upp í 25 kg.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýralyfi eða úrgangi vegna dýralyfs í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Norbrook Laboratories (Ireland) Limited

Rossmore Industrial Estate
Monaghan
Ireland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/08/090/001
EU/2/08/090/002

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10/02/2009
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 23/01/2019

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EDA NOTKUN

Á ekki við.

1. HEITI DÝRALYFS

Loxicom 1,5 mg/ml mixtúra, dreifa, fyrir hunda.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Meloxicam 1,5 mg.

Hjálparefni:

Natríumbensóat 1,5 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Mixtúra, dreifa.

Fölgul mixtúra, dreifa.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategundir

Hundar.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Til að draga úr bólgu og verkjum bæði vegna bráðra og langvinnra sjúkdóma í stoðkerfi hjá hundum.

4.3 Frábendingar

Dýrallyfið má ekki gefa dýrum á meðgöngu eða mjólkandi dýrum.

Gefið ekki gefa hundum með meltingarfærasjúkdóma eins og ertingu og blæðingu, skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi og blæðingarsjúkdóma.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

Gefið ekki hvolpum sem eru yngri en 6 vikna.

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Engin.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðferð og leita ráða hjá dýralækni.

Forðist notkun lyfsins hjá dýrum með vessaþurrð, blóðþurrð eða blóðþrýstingslækkun vegna hugsanlegrar hættu á eiturveknum á nýru.

Þetta dýrallyf handa hundum má ekki nota handa köttum vegna þess að það hentar ekki til notkunar í þeirri dýrategund. Fyrir ketti skal nota Loxicom 0,5 mg/ml mixtúru, dreifu handa köttum.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið. Ef dýralyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Lyfið getur valdið ertingu í augum. Ef lyfið berst í augu skal tafarlaust skola þau vel með vatni

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Í einstaka tilvikum hefur verið tilkynnt um aukaverkanir sem eru vel þekktar af völdum bólgueyðandi verkjalyfja (NSAID) eins og lystarleysi, uppköst, niðurgang, blóð í saur, slen og nýrnabilun. Örsjaldan hefur verið greint frá blóðugum niðurgangi, blóðugum uppköstum, sáramyndun í meltingarvegi og hækkuðum gildum lifrarensíma. Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram í fyrstu viku meðferðar, eru skammvinnar í flestum tilvikum og hverfa þegar meðferð lýkur, en þær eru í örsjaldgæfum tilfellum alvarlegar eða banvænar.

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðferð og leita ráða dýralæknis.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik)

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf (sjá kafla 4.3).

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Önnur bólgueyðandi verkjalyf (NSAID), þvagræsilyf, segavarnarlyf, sýklalyf af flokki amínóglýkósíða og efni með mikla próteinbindingu geta keppt um bindingu og þannig valdið eiturverkunum. Ekki skal gefa Loxicom samhliða öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða sykursturum.

Meðferð með bólgueyðandi lyfjum, áður en til meðferðar með þessu lyfi kemur, getur leitt til viðbótar eða aukinna aukaverkana og því ætti ekki að gefa slík dýralyf í a.m.k. 24 klst. áður en meðferð hefst. Meðferðarlausu tímabilið verður þó að taka mið af lyfjafraeðilegum eiginleikum þeirra lyfja sem voru notuð áður.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Til inntöku.

Upphafsméðferð er stakur skammtur með 0,2 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 1,33 ml/10 kg líkamsþyngdar) á fyrsta degi meðhöndlunar. Halda á meðhöndlun áfram, einu sinni á sólarhring, með inntöku (á 24 klst. fresti) og er viðhaldsskammturinn 0,1 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 0,667 ml/10 kg líkamsþyngdar).

Til meðhöndlunar í lengri tíma, eftir að klínísk svörun hefur fengist (eftir ≥ 4 daga), má aðlaga skammtinn í lágsta virka skammt fyrir hvert dýr, í samræmi við að verkir og bólga sem tengjast langvinnnum stoðkerfissjúkdómum geta breyst með tímanum.

Sérstaklega skal gæta að nákvæmni við skammtgjöf.

Dreifuna má gefa inn með annarri af mælisprautunum tveimur sem fylgja í pakkningunni (miðað við þyngd hundsins). Mælisprauturnar passa á flöskuna og eru með kg-líkamsþyngdarkvarða sem samsvarar viðhaldsskammti (þ.e. 0,1 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar). Fyrsta daginn þarf því að gefa tvöfalt rúmmál viðhaldsskammts. Að öðrum kosti má hefja meðferð með Loxicom 5 mg/ml stungulyfi, lausn.

Klínísk svörun kemur yfirleitt í ljós innan 3-4 daga. Hætta skal meðhöndlun í síðasta lagi eftir 10 daga ef enginn bati er sjáanlegur.

Gefa skal dýrallyfið inn annaðhvort í fóðri eða beint í munn.

Hristið vel fyrir notkun.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

4.10 Ofskömmun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Við ofskömmun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólguþandi lyf og verkjalyf nema barksterar (oxíkamlyf).

ATCvet flokkur: QM01AC06.

5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólguþandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxíkama, sem verkar með því hindra nýmyndun prostaglandína og hefur þar með bólguþandi, verkjastillandi, bjúghenjandi og hitalækkandi verkun. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. Í *in vitro* og *in vivo* rannsóknum var sýnt fram á að hömlun meloxicams á cyclooxygenasa-2 (COX-2) er meiri en á cyclooxygenasa-1 (COX-1).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Eftir inntöku frásogast meloxicam að fullu og hámarksþéttni í plasma næst eftir um það bil 4,5 klst. Þegar gefnir eru ráðlagðir skammtar af lyfinu næst jafnvægi í plasmáþéttni meloxicams á öðrum degi meðhöndlunar.

Dreifing

Á ráðlögðu skammtabili eru línuleg tengsl milli gefins skammts og plasmáþéttni hjá hundum. Um það bil 97% af meloxicami eru bundin plasmapróteinum. Dreifingarrúmmál er 0,3 l/kg.

Umbrot

Meloxicam finnst að langmestu leyti í plasma og skilst einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Meloxicam umbrotnar í alkóhól, sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni. Sýnt hefur verið fram á að öll helstu umbrotsefni eru lyfjafraðilega óvirk.

Brotthvarf

Helmingunartími brotthvarfs meloxicams er 24 klst. Brotthvarf um það bil 75% af gefnum skammti verður í saur og afgangurinn í þvagi.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Natríumbensóat.

Glýseról.

Póvídón K30.

Xantangúmmí.

Tvínatríumfosfattvíhýdrat.

Natríumtvívetnisfosfattvíhýdrat.

Vatnsfrí sítrónusýra.

Símetikónfleyti.

Hreinsað vatn.

6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Enginn þekktur.

6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 18 mánuðir.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Dýrallyfið fæst í 10 ml, 32 ml, 100 ml, 2 x 100 ml og 200 ml flöskum úr pólýetýlenteraþalati með skrúfuðu barnaöryggisloki úr pólýetýleni (HDPE/LDPE). Tvær mælisprautur úr pólýetýleni/pólýprópýleni, 1 ml og 5 ml sprauta, fylgja með hverri flösku til að tryggja nákvæma skömmtun hjá litlum og stórum hundum. Hvor sprauta er búin kg-líkamsþyngdarkvarða, 1 ml sprautan er kvörðuð frá 0,5 kg upp í 15 kg og 5 ml sprautan frá 2,5 kg upp í 75 kg.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýrallyfi eða úrgangi vegna dýrallyfs í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Norbrook Laboratories (Ireland) Limited
Rossmore Industrial Estate
Monaghan
Ireland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/08/090/003
EU/2/08/090/004
EU/2/08/090/005
EU/2/08/090/032
EU/2/08/090/033

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10/02/2009
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 23/01/2019

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EDA NOTKUN

Á ekki við.

1. HEITI DÝRALYFS

Loxicom 5 mg/ml stungulyf, lausn, handa hundum og köttum.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Meloxicam 5 mg.

Hjálparefni:

Vatnsfrítt etanól 150 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

Fölgult lausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategundir

Hundar og kettir.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Hundar:

Til að draga úr bólgu og verkjum bæði vegna bráðra og langvinnra sjúkdóma í stoðkerfi. Minnkun aðgerðartengdra verkja og bólgu í kjölfar bæklunar- og mjúkvefsáðgerða.

Kettir

Minnkun aðgerðartengdra verkja í kjölfar eggjastokka- og legnáms og minni háttar mjúkvefsáðgerða.

4.3 Frábendingar

Dýralyfið má ekki gefa dýrum á meðgöngu eða mjólkandi dýrum.

Gefið ekki dýrum með meltingarfærasjúkdóma eins og ertingu og blæðingu, skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi og blæðingarsjúkdóma.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

Gefið ekki dýrum sem eru yngri en 6 vikna eða köttum sem eru léttari en 2 kg.

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Til að stilla aðgerðartengda verki hjá köttum hefur öryggi aðeins verið staðfest eftir svæfingu með tíópentali/halótani.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Forðist notkun lyfsins hjá dýrum með vessapurð, blóðpurð eða blóðþrýstingslækkun vegna hugsanlegrar hættu á eiturveknum á nýru.

Meðan á svæfingu stendur ber að fylgja þeirri staðalreglu að sinna vöktun og veita vökvameðferð.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysi getur það valdið sársauka. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið.

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Lyfið getur valdið ertingu í augum. Ef lyfið berst í augu skal tafarlaust skola þau vel með vatni

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Í einstaka tilvikum hefur verið tilkynnt um aukaverkanir sem eru vel þekktar af völdum bólgueyðandi verkjalyfja (NSAID) eins og lystarleysi, uppköst, niðurgang, blóð í saur, slen og nýrnabilun.

Örsjaldan hefur verið greint frá hækkuðum gildum lifrarendísma.

Örsjaldan hefur verið greint frá blóðugum niðurgangi, blóðugum uppköstum og sáramyndun í meltingarvegi. Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram í fyrstu viku meðferðar, eru skammvinnar í flestum tilvikum og hverfa þegar meðferð lýkur, en þær eru í örsjaldgæfum tilfellum alvarlegar eða banvænar.

Örsjaldan geta komið fyrir bráðaofnæmislík viðbrögð og meðhöndla skal einkenni þeirra.

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðferð og leita ráða hjá dýralækni.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik)

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf (sjá kafla 4.3).

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Önnur bólgueyðandi verkjalyf (NSAID), þvagræsilyf, segavarnarlyf, sýklalyf af flokki amínóglýkósíða og efni með mikla próteinbindingu geta keppt um bindingu og þannig valdið eiturveknum. Ekki skal gefa Loxicom samhliða öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða sykursturum. Forðast skal samtímis notkun lyfja sem geta haft eiturvekanir á nýru. Hjá dýrum sem eru í áhættuhópi hvað varðar svæfingu (t.d. öldruð dýr) skal íhuga vökvagjöf í bláæð eða undir húð þann tíma sem svæfing varir. Þegar svæfingalyf og bólgueyðandi verkjalyf eru notuð samtímis er ekki hægt að útiloka áhættu hvað varðar nýrnastarfsemi.

Meðferð með öðrum bólgueyðandi lyfjum, áður en til meðferðar með þessu lyfi kemur, getur leitt til viðbótar eða aukinna aukaverkana og því ætti ekki að gefa slík dýralyf í a.m.k. 24 klst. áður en

meðferð hefst. Meðferðarlauslausa tímabilið verður þó að taka mið af lyfjafraeðilegum eiginleikum þeirra lyfja sem voru notuð áður.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Hundar:

Sjúkdómar í stoðkerfi: Stök inndæling undir húð í skammtinum 0,2 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 0,4 ml/10 kg líkamsþyngdar). Nota má Loxicom 1,5 mg/ml mixtúru, dreifu, eða Loxicom 0,5 mg/ml mixtúru, dreifu, til að halda meðhöndlun áfram í skammtinum 0,1 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar, 24 klst eftir inndælinguna.

Minnkun aðgerðartengdra verkja (á 24 klst. tímabili): Stök inndæling í bláæð eða undir húð í skammtinum 0,2 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 0,4 ml/10 kg líkamsþyngdar) fyrir aðgerð, t.d. á þeim tíma þegar svæfing er hafin.

Kettir:

Linun verkja eftir skurðaðgerð hjá köttum þegar ekki er unnt að gefa lyf til inntöku sem eftirfylgnimeðferð, t.d. hjá villtum köttum:

Stök inndæling undir húð í skammtinum 0,3 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 0,06 ml/kg líkamsþyngdar) fyrir aðgerð, t.d. á þeim tíma þegar svæfing er hafin. Í því tilviki má ekki nota lyf til inntöku sem eftirfylgnimeðferð.

Linun verkja eftir skurðaðgerð hjá köttum þegar ætlunin er að halda áfram að gefa meloxicam til inntöku sem eftirfylgnimeðferð:

Stök inndæling undir húð í skammtinum 0,2 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar (þ.e. 0,04 ml/kg líkamsþyngdar) fyrir aðgerð, t.d. á þeim tíma þegar svæfing er hafin.

Til að halda meðferð áfram í allt að fimm daga má fylgja þessum upphafsskammti eftir sólarhring síðar með því að gefa Loxicom 0,5 mg/ml mixtúru, dreifu, fyrir ketti í skammtinum 0,05 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar. Gefa má eftirfylgniskammtinn til inntöku með sólarhringsmillibili þar til skammtarnir eru orðnir allt að fjórir samtals.

Sérstaklega skal gæta að nákvæmni við skammtagjöf.

Nota ber hæfilega kvarðaða 1 ml sprautu til að gefa köttum lyfið.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

4.10 Ofskömmun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Við ofskömmun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólguæyðandi lyf og verkjalyf nema barksterar (oxíkamlyf).
ATCvet flokkur: QM01AC06.

5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólguæyðandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxíkama, sem verkar með því hindra nýmyndun prostaglandína og hefur þar með bólguæyðandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og

hitalekkandi verkun. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. Í *in vitro* og *in vivo* rannsóknum var sýnt fram á að hömlun meloxicams á cyclooxygenasa-2 (COX-2) er meiri en á cyclooxygenasa-1 (COX-1).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Eftir gjöf undir húð er aðgengi meloxicams fullkomið og meðalþéttni í plasma, sem er að hámarki 0,73 µg/ml hjá hundum og 1,1 µg/ml hjá köttum, náðist u.þ.b. 2,5 klst. eftir gjöf hjá hundum og 1,5 klst. eftir gjöf hjá köttum.

Dreifing

Á ráðlögðu skammtabili eru línuleg tengsl milli gefins skammts og plasmáþéttni hjá hundum. Yfir 97 % af meloxicami eru bundin plasmapróteinum. Dreifingarrúmmál er 0,3 l/kg hjá hundum og 0,09 l/kg hjá köttum.

Umbrot

Hjá hundum finnst meloxicam að langmestu leyti í plasma og skilst einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Meloxicam umbrotnar í alkóhól, sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni. Sýnt hefur verið fram á að öll helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk.

Hjá köttum finnst meloxicam að langmestu leyti í plasma og skilst einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Sýnt hefur verið fram á að fimm helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk. Meloxicam umbrotnar í alkóhól, sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni. Aðalumbrotsleið meloxicams í köttum, líkt og hjá öðrum dýrategundum sem hafa verið rannsakaðar, er oxun.

Brotthvarf

Hjá hundum er helmingunartími brotthvarfs meloxicams 24 klst. Brotthvarf um það bil 75 % af gefnum skammti verður með saur og afgangurinn með þvagi. Hjá köttum er helmingunartími brotthvarfs meloxicams 24 klst. Umbrotsefni lyfsins hafa greinst í þvagi og saur en ekki í plasma og er það merki um hversu hratt þau skiljast út. 21 % af þeim skammti sem var greinanlegur skilst út með þvagi (2 % sem óbreytt meloxicam, 19 % sem umbrotsefni) og 79 % með saur (49 % sem óbreytt meloxicam, 30 % sem umbrotsefni).

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Meglúmín.

Glýsín.

Etanól (vatnsfrítt).

Póloxamer 188.

Natríumklóríð.

Glýkófúról.

Natríumhýdroxíð (til sýrustillingar).

Saltsýra (til sýrustillingar).

Vatn fyrir stungulyf.

6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, vegna þess að rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 3 ár.
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Litlaust 10, 20 eða 100 ml hettuglös úr gleri sem inniheldur stungulyf og er lokað með brómóbútýltappa og innsiglað með álloki.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýrallyfi eða úrgangi vegna dýrallyfs í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Norbrook Laboratories (Ireland) Limited
Rossmore Industrial Estate
Monaghan
Ireland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/08/090/006
EU/2/08/090/007
EU/2/08/090/008

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10/02/2009
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 23/01/2019

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Á ekki við.

1. HEITI DÝRALYFS

Loxicom 0,5 mg/ml mixtúra, dreifa handa köttum.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

Virkt efni:

Meloxicam 0,5 mg

Hjálparefni:

Natríumbensóat 1,5 mg

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Mixtúra, dreifa.

Fölgul mixtúra, dreifa.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategund(ir)

Kettir.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Til að draga úr vægum til miðlungsalvarlegum aðgerðartengdum verkjum og bólgu í kjölfar skurðaðgerða hjá köttum, t.d. bæklunar- og mjúkvessaðgerða.

Til að draga úr bólgu og verkjum sem fylgja bráðum og langvinnum stoðkerfissjúkdómum hjá köttum.

4.3 Frábendingar

Dýrallyfið má ekki gefa dýrum á meðgöngu eða mjólkandi köttum.

Gefið ekki köttum með meltingarfærasjúkdóma eins og ertingu og blæðingu, skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi og blæðingasjúkdóma.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna

Lyfið má ekki gefa kettlingum sem eru yngri en 6 vikna.

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Engin.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Forðist notkun lyfsins hjá dýrum með vessapurð, blóðpurð eða blóðþrýstingslækkun vegna hugsanlegrar hættu á eiturverkunum á nýru.

Aðgerðartengdir verkir og bólga í kjölfar skurðaðgerða:

Ef þörf er á frekari verkjastillingu ber að íhuga fjölpætta verkjameðferð.

Langvinnir stoðkerfissjúkdómar:

Dýralæknir skal hafa reglubundið eftirlit með svörun dýra við langtímameðferð.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið. Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýralyfið inn fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Lyfið getur valdið ertingu í augum. Ef lyfið berst í augu skal tafarlaust skola þau vel með vatni.

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Í einstaka tilvikum hefur verið tilkynnt um aukaverkanir sem eru vel þekktar af völdum bólgueyðandi verkjalyfja (NSAID) eins og lystarleysi, uppköst, niðurgang, blóð í saur, svefnhöfga og nýrnabilun. Örsjaldan var greint frá sáramyndun í meltingarvegi og hækkuðum gildum lifrarsníma.

Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram í fyrstu viku meðferðar og eru skammvinnar í flestum tilvikum og hverfa þegar meðferð lýkur en eru í örsjaldgæfum tilfellum alvarlegar eða banvænar.

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðferð og leita ráða hjá dýralækni.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik)

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf (sjá kafla 4.3).

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Önnur bólgueyðandi verkjalyf, þvagræsilyf, segavarnarlyf, sýklalyf af flokki amínóglýkósíða og efni með mikla próteinbindingu geta keppt um bindingu og þannig valdið eiturverkunum. Ekki skal gefa Loxicom samhliða öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) eða sykursterum. Forðast skal samhliða gjöf lyfja sem geta mögulega haft eituráhrif á nýru.

Lyfjaforgjöf með öðrum bólgueyðandi lyfjum getur valdið fleiri eða auknum aukaverkunum og því skal hætta meðferð með slíkum dýralyfjum í a.m.k. 24 klukkustundir áður en meðferð hefst. Meðferðarlausu tímabilið verður þó að taka mið af lyfjafræðilegum eiginleikum þeirra lyfja sem voru notuð áður.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Til inntöku.

Skammtar

Aðgerðartengdir verkir og bólga í kjölfar skurðaðgerða:

Eftir að meðferðin hefur verið hafin með Loxicom 5 mg/ml stungulyfi, lausn, fyrir hunda og ketti ber að halda meðferð áfram 24 klst. síðar með Loxicom 0,5 mg/ml mixtúru, dreifu, fyrir ketti í

skammtinum 0,05 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar. Viðhaldskammtinn af mixtúru má gefa einu sinni á sólarhring (með 24 klst. millibili) í allt að fjóra daga.

Bráðir stoðkerfissjúkdómar:

Hefja skal meðferðina með stökum 0,2 mg/kg líkamsþyngdar skammti af meloxicam til inntöku á fyrsta deginum. Halda ber meðferð áfram með því að gefa 0,05 mg/kg líkamsþyngdar skammt af meloxicam til inntöku einu sinni á sólarhring (með 24 klst. millibili) allan þann tíma sem bráðir verkir og bólga eru viðvarandi.

Langvinnir stoðkerfissjúkdómar:

Hefja skal meðferðina með inntöku stökum 0,1 mg/kg líkamsþyngdar skammti af meloxicam á fyrsta deginum. Halda ber meðferð áfram einu sinni á sólarhring með því að gefa 0,05 mg/kg líkamsþyngdar viðhaldsskammt af meloxicam til inntöku einu sinni á sólarhring (með 24 klst. millibili).

Klínískrar svörunar verður venjulega vart innan 7 daga. Hætta skal meðferð í síðasta lagi eftir 14 daga ef enginn klínískur bati er sýnilegur.

Aðferð við lyfjagjöf og íkomuleið

Aðferð við skammtagjöf:

Sprautan passar í flöskuna og á henni er kvarði fyrir kg líkamsþyngdar sem samsvarar viðhaldsskammtinum 0,05 mg meloxicam/kg líkamsþyngdar. Til að hefja meðferð á fyrsta deginum hjá dýrum með langvinna stoðkerfissjúkdóma þarf því að nota tvöfalt rúmmál viðhaldsskamms. Til að hefja meðferð á fyrsta deginum hjá dýrum með bráða stoðkerfissjúkdóma þarf að nota fjórfalt rúmmál viðhaldsskamms

Gæta ber þess sérstaklega að gefa nákvæma skammta. Ekki skal fara fram yfir ráðlagðan skammt. Gefa ber dreifuna með kvörðuðu Loxicom sprautunni sem fylgir í pakkanum.

Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf:

Lyfið skal gefa inn ásamt fæðu eða beint í munn.

Hristið vel fyrir notkun.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

4.10 Ofskömmun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Öryggismörk meloxicam hjá köttum eru lág og klínísk merki um ofskömmun koma fram við hlutfallslega litla ofskömmun. Við ofskömmun er búist við því að aukaverkanir (eins og þær eru tilgreindar í kafla 4.6) verði alvarlegri og mun tíðari. Við ofskömmun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólgueyðandi lyf og bólgueyðandi verkjalyf, nema sterar (oxíkamlyf).

ATCvet flokkur: QM01AC06

5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólgueyðandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxíkama, sem verkar með því að hindra nýmyndun prostaglandína og hefur þar með bólgueyðandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og hitalækkandi verkun. Það dregur úr íferð hvíttra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. Í *in vitro* og *in vivo* rannsóknum

var sýnt fram á að hömlun meloxicams á cyclooxygenasa-2 (COX-2) er meiri en á cyclooxygenasa-1 (COX-1).

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Ef dýrið fær lyfið á fastandi maga er hámarksþéttni í plasma náð eftir u.þ.b. 3 klukkustundir. Bið getur orðið á frásogi ef dýrið er á fóðri þegar það fær lyfið. Vegna hleðsluskammtsins er næst jafnvægi í lyfjahvörfum eftir 2 daga (48 klst.).

Dreifing

Á ráðlögðu skammtabili eru línuleg tengsl milli gefins skammts og plasmáþéttni. Um það bil 97% af meloxicami eru bundin plasmapróteinum.

Umbrot

Meloxicam finnst að langmestu leyti í plasma og skilst einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Sýnt hefur verið fram á að fimm helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk. Meloxicam umbrotnar í alkóhól, sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni.

Aðalumbrotsleið meloxicams í köttum, líkt og hjá öðrum dýrategundum sem hafa verið rannsakaðar, er oxun.

Brotthvarf

Helmingunartími brotthvarfs meloxicams er 24 klst. Umbrotsefni lyfsins hafa greinst í þvagi og saur en ekki í plasma og er það merki um hversu hratt þau skiljast út. 21% af þeim skammti sem var greinanlegur skilst út með þvagi (2% sem óbreytt meloxicam, 19% sem umbrotsefni) og 79% með saur (49% sem óbreytt meloxicam, 30% sem umbrotsefni).

6. LYFJAHVÖRF

6.1 Hjálparefni

Natríumbensóat
Glýseról
Póvídón K30
Xantangúmmí
Tvínatríumfosfattvíhýdrat
Natríumtvívetnisfosfattvíhýdrat
Vatnsfrí sítrónusýra
Símetíkonfleyti
Hreinsað vatn

6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum. 18 mánuðir
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Dýralyfið fæst í 5 ml, 15 ml og 30 ml flöskum úr pólýetýlenteraþalati með skrúfuðu barnaöryggisloki úr pólýetýleni (HDPE/LDPE). 1 ml pólýetýlen/pólýprópýlen mælisprautan er með kg-líkamsþyngdarkvarða fyrir ketti (0,5 til 10 kg).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal öllum ónotuðum dýralyfjum eða úrgangi vegna dýralyfja í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Norbrook Laboratories (Ireland) Limited
Rossmore Industrial Estate
Monaghan
Ireland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/08/090/009
EU/2/08/090/027
EU/2/08/090/028

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10/02/2009
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 23/01/2019

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>

TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EDA NOTKUN
Á ekki við.

1. HEITI DÝRALYFS

Loxicom 20 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínunum og hestum.

2. INNIHALDSLÝSING

Einn ml inniheldur:

Virkt innihaldsefni:

Meloxicam 20 mg.

Hjálparefni:

Etanól 150 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

Gult lausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategundir

Nautgripir, svín og hestar.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Nautgripir:

Bráð öndunarfærasýking, samhliða viðeigandi sýklalyfjameðhöndlun, til að draga úr klínískum einkennum hjá nautgripum.

Niðurgangur hjá kálfum sem eru eldri en vikugamlir og ungneytum sem ekki mjólka, samhliða vökva til inntöku til að draga úr klínískum einkennum.

Til notkunar sem viðbótarmeðferð við bráðri jógurbólgu, samhliða sýklalyfjameðhöndlun.

Við verkjum eftir afhornunaraðgerð hjá kálfum.

Svín:

Hreyfiraskanir sem ekki stafa af sýkingum, til að draga úr einkennum holti og bólgu.

Viðbótarmeðhöndlun við blóðeitrun vegna gothita (MMA) samhliða viðeigandi sýklalyfjameðhöndlun.

Hestar:

Til að draga úr bólgu og verkjum bæði vegna bráðra eða langvinnra kvilla í stoðkerfi.

Við verkjum tengdum hrossasótt (equine colic).

4.3 Frábendingar

Sjá einnig kafla 4.7.

Ekki má nota lyfið handa folöldum sem eru yngri en 6 vikna.

Lyfið má hvorki gefa dýrum með skerta lífrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi eða blæðingasjúkdóma, né þegar vísbendingar eru um sáratengdar vefjaskemmdir í meltingarvegi.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

Við meðhöndlun við niðurgangi hjá nautgripum má ekki gefa lyfið dýrum sem eru yngri en viku gömul.

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Meðhöndlun kálfa með Loxicom 20 mínútum fyrir afhornun dregur úr verkjum eftir skurðaðgerð. Loxicom eitt og sér dregur ekki nægilega mikið úr verkjum á meðan afhornunaraðgerð stendur. Til þess að ná fram fullnægjandi verkjastillingu á meðan skurðaðgerð stendur þarf að gefa viðeigandi verkjastillandi lyf samhliða.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðhöndlun og leita ráða dýralæknis.

Vegna hugsanlegrar hættu á eiturverkunum á nýru skal forðast notkun lyfsins hjá dýrum með alvarlega vessapurrd, blóðpurrd eða lágan blóðþrýsting sem meðhöndla þarf með vökva í æð. Ef lyfið dregur ekki nægilega úr verkjum þegar það er notað við hrossasótt (equine colic), skal endurmeta sjúkdómsgreininguna vandlega þar sem það getur bent til þess að þörf sé á skurðaðgerð.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi getur það valdið sársauka. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýrallyfið.

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Eftir inndælingu undir húð hjá nautgripum sást aðeins óverulegur og tímabundinn þroti á stungustað hjá innan við 10% nautgripa sem fengu meðferð í klínískum rannsóknum.

Hjá hestum getur komið fram tímabundinn þroti á stungustað en hann gengur til baka án sérstakra ráðstafana.

Örsjaldan geta komið fyrir bráðaofnæmislík viðbrögð sem geta verið alvarleg (þar með talin banvæn) og skal meðhöndla einkenni þeirra.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik)

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Nautgripir og svín: Nota má dýrallyfið á meðgöngu og við mjólkurgjöf.

Hestar: Dýrallyfið má ekki nota handa fylfullum eða mjólkandi hryssum. Sjá einnig kafla 4.3.

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki má gefa þetta lyf samtímis sykursterum, öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða segavarnarlyfjum.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Nautgripir:

